



Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um matvæli, 753. mál.

Tilv. 201905-0021

Bændasamtök Íslands (BÍ) og Samband garðyrkjubænda (SG) fengu send til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis 20. maí sl., frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum (sýklalyfjanotkun), 753. mál. Hér á eftir fer sameiginleg umsögn BÍ og SG um frumvarpið.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 15. gr. nógildandi laga um matvæli er snýr að því að fyrirtæki sem hafa með höndum smásölu matvæla skuli tryggja aðgang neytenda að upplýsingum um upprunaland matvæla ásamt upplýsinga um meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í viðkomandi landi. Þá er jafnframt lögð skylda á Matvælastofnun að gefa út leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um sýklalyfjanotkun við framleiðslu matvæla. BÍ og SG fagna þeirri vakningu sem orðið hefur varðandi nauðsyn þess að bæta merkingar og miðlun upplýsinga um uppruna, framleiðsluhætti og gæði matvæla.

Þessu til viðbótar telja umsagnaraðilar nauðsynlegt að miðlun slíkra upplýsinga nái einnig til meðalnotkunar varnarefna, þ.e. plöntuverndarvara, í framleiðslu matvæla í viðkomandi landi. Þeim upplýsingum er safnað með samræmdum og skipulegum hætti og liggja því fyrir á hverjum tíma m.a. hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP (FAO) og Plöntuheilbrigðisstofnun Evrópu (EPPO). Þá telja umsagnaraðilar nauðsynlegt að öðrum upplýsingum um framleiðsluhætti sem varða umhverfismál sé komið á framfæri við neytendur, er þá m.a. átt við upplýsingar um hversu stórt kolefnisspor framleiðslu er annars vegar og flutnings hins vegar.

Að lokum er bent á að fylgja þarf betur eftir þeim reglum sem þetta varða og eru þegar í gildi, sbr. t.d. reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda svo og þeim 18. gr. (a) í matvælalögum þar sem kveðið er á um að vernda skuli hagsmuni neytenda og gefa þeim kost á að taka upplýstar ákvarðanir við val á matvælum, m.a. og 2. mgr. sömu greinar þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að villa fyrir neytendum með merkingum matvæla, sbr. einnig lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Gildandi lögum og reglum þarf að framfylgja með virkari hætti en nú er gert og til þess hafa Matvælastofnun og Neytendastofa ríkar heimildir.




Með vísan til ofangreinds er lögð til svohljóðandi breyting á 1. gr. frumvarpsins:

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein er verður 15. gr. a, svohljóðandi:

Fyrirtæki sem hafa með höndum smásölu matvæla skulu tryggja með merkingum í sölurýmum að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um upprunaland matvælna, meðalnotkun sýklalyfja og varnarefna (plöntuverndarvara), við framleiðslu matvæla í viðkomandi landi. Matvælastofnun og Umhverfisstofnun skulu gefa út árlegar leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um sýklalyfjanotkun og notkun varnarefna (plöntuverndarvara) við framleiðslu matvæla.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands og Sambands Garðyrkjubænda,



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir